

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um kærur um ofbeldi gegn börnum.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hversu margar tilkynningar eða kærur bárust frá barnaverndarnefndum til lögreglu um ofbeldi gegn börnum síðustu tíu ár?
2. Hversu margar tilkynningar eða kærur um ofbeldi gegn börnum frá barnaverndarnefndum leiddu til ákæru á sömu árum?
3. Hversu margar ákæranna leiddu til sakfellingar, hversu margar til sýknu og hversu mörgum var vísað frá dómi?

Skriflegt svar óskast.